

Nd.

86. Breytingartillögur

við frv. til laga um kosningar til Alþingis.

Flm.: Hannes Jónsson, Pétur Ottesen, Jón Sigurðsson.

1. Við 27. gr. Þriðja málsgr. orðist svo:

Framboði einstaks frambjóðanda, svo og framboðslista í Reykjavík, skal fylgja skrifleg yfirlýsing frambjóðandans og meðmælenda hans, eða

þegar um lista er að ræða, þeirra, sem lýsa því yfir, að þeir styðji kosningu listans, fyrir hvern stjórnmaflokki frambjóðandinn eða listinn sé boðinn fram. Vanti yfirlýsinguna, telst frambjóðandinn eða listinn utan flokka.

2. Við 28. gr. Þriðja málsgr. fellur burt.
3. Við 29. gr. Önnur málsgr. fellur burt.
4. Við 30. gr. Þriðja málsgr. orðist svo:

Allir frambjóðendur flokksins í kjördæmum skulu vera á landslista og í þeirri röð, er þeir skipast í við kosninguna eftir atkvæðum þeim, er falla á þá persónulega við kosningar í kjördæmum, þannig að sá, sem fær hæsta atkvæðatölu, standi efstur á listanum, sá, er fær hlutfallslega flest gildra atkvæða í kjördæmi sínu, standi næstefstur o. s. frv. á vixl (sbr. þó 131. gr.). Frambjóðanda er þó heimilt að afsala sér rétti til landslista-sætis, enda tilkynni hann það samtímis framboði sínu.

5. Við 117. gr.

a. Önnur málsgr. orðist svo:

Nú eru í kjördæmi, þar sem kjósa á einn þingmann, fleiri frambjóðendur en einn fyrir hinn sama stjórnmaflokki, og skulu þá landslistaatkvæði þess flokks óskipt falla til þess frambjóðanda flokksins, sem fleiri eða flest persónuleg atkvæði fær.

b. Þriðja málsgr. orðist svo:

Ef í kjördæmi, þar sem kjósa á tvo þingmenn, eru fleiri en tveir frambjóðendur fyrir hinn sama stjórnmaflokki, skal skipta tvöfaldri landslistaatkvæðatölu flokksins jafnt á milli þeirra tveggja frambjóðenda hans, sem flest persónuleg atkvæði fá.

6. Við 131. gr. Greinin orðist svo:

Til þess að finna, hverjir frambjóðendur hvers þingflokks hafa náð upphótarþingsæti, er frambjóðendum skipað á listann í röð eftir tölu þeirra atkvæða, sem fallið hafa á þá persónulega í kjördæmunum, þannig að sá, sem hæsta atkvæðatölu hefir fengið, verður efstur í röðinni, sá, sem hefir fengið hlutfallslega flest gildra atkvæða í kjördæmi sínu, verður næstefstur o. s. frv. á vixl (sbr. 30. gr.). Hafi þingflokkur ekki haft landslista í kjöri, gerir landskjörstjórn honum lista og raðar á hann frambjóðendum flokksins í kjördæmum eftir sömu reglu.

Nú hafa kjósendur gert uppástungur um, í hverri röð frambjóðendur flokks, sem ekki hefir landslista í kjöri, skuli koma til greina við úthlutun upphótarþingsæta, og skal þá reikna út atkvæðatölu hvers einstaks á hverjum lista eftir sömu reglum sem fyrir er mælt um lista í Reykjavík (sbr. 119. gr.) og miða við það, að efsti frambjóðandi listans hafi alla sam-anlagða atkvæðatölu flokksins, sem listann hefir haft í kjöri, hafi hann ekki færzt til á listanum við breytingar kjósenda á nafnaröð listans. Er síðan raðað á lista hvers þingflokks eftir reglum fyrstu málsgreinar. Hafi tveir eða fleiri jöfn atkvæði, er varpað hlutkesti um röðina, og er hlutkestinu hagað í samræmi við ákvæði 122. gr.

Því næst nemur landskjörstjórn burt af lista hvers þingflokks alla

Þá, sem kosningu hafa náð í kjördæmum, og ef á lista eru þá eftir tveir eða fleiri, sem í kjöri hafa verið í sama kjördæmi, nemur hún einnig burt alla þá, nema þann einn fyrir það kjördæmi, sem ofar eða efst stendur á listanum.

Skorti nú á, að eftir séu á lista þingflokks tvöfalt fleiri nöfn en listanum hafa blotnast uppbótarpingsæti, nefnir hlutaðeigandi flokksstjórn til menn, sem koma neðst á listann, eftir því sem til þarf til viðbótar á listann, og skal veita henni hæfilegan frest til þess.

Þeir, sem nú standa efstir á landslista hvers þingflokks, hafa náð kosningu sem landskjörnir þingmenn, svo margir af hverjum landslista sem hlutaðeigandi þingflokki hafa blotnast uppbótarpingsæti.

7. Við 142. gr. 1. lið. Síðari másl. orðist þannig:

Þó er stjórnmalafélagi, sem gert hefir ályktun um áskorun um framboð til þingmennsku innan héraðs, heimilt að koma ályktuninni á framfæri.